



154. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn fimmtudaginn 13. nóvember 2008 kl. 16:15 í fundarsal framkvæmdastjórnar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Mættir: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Hafsteinn Pálsson, Sigríður Jónsdóttir, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Helga Steinunn Guðmundsdóttir, Jón Gestur Viggósson 1. varamaður, Oddný Árnadóttir 2. varamaður, Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir 3. varamaður, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

Forföll boðuðu Gunnar Bragason gjaldkeri, Krístrún Heimisdóttir ritari, Örn Andrésen og Engilbert Olgeirsson.

Forseti setti fund og stjórnaði honum.

1. Efnahagsástand

Forseti skýrði frá því að ýmsir sambandsaðilar hefðu óskað eftir fundi með sér vegna þeirrar óvissu sem ríkir í fjármálum í landinu. Búið væri að óska eftir fundi með menntamálaráðherra til að ræða stöðuna, m.a. með tilliti til fjárlaga fyrir árið 2009.

Hann skýrði einnig frá því að sjóðir ÍSÍ væru á öruggum reikningum og hrun bankanna muni því ekki hafa bein áhrif á sjóði ÍSÍ.

Lögð fram drög að bréfi til sveitafélaganna þar sem hvatt er til þess að staðinn verði vörður um barna- og unglíngastarf íþróttafélaga í landinu. Einnig drög að bréfi til nýju bankanna þar sem hvatt er til að bankarnir standi við skuldbindingar eldri bankanna við íþróttahreyfinguna.

Engar athugasemdir gerðar við bréfin. Skrifstofu falið að senda ganga frá útsendingu bréfanna.

Varaforseti skýrði frá starfi vinnuhóps um efnahagsástandið, sem skipaður var á síðasta fundi framkvæmdastjórnar. Hópurinn hafi fundað þrisvar sinnum. Fundir eru áætlaðir með fulltrúum stærstu héraðssambandanna og afa þarf upplýsinga frá sveitarfélögum um hvernig þau ætla sér að bregðast við vandanum. Ljóst er að erfiðleikar eiga eftir að aukast mikið næstu mánuði, ekki síst í barna- og unglíngastarfi en flestir eru búnir að greiða æfingagjöld fyrir þetta ár og vandinn því kannski ekki áþreifanlegur fyrr en á næsta ári.

Búið er að bóka fund með bæjarstjóranum í Kópavogi og óska eftir fundi með borgarstjóranum í Reykjavík.

Enn verið að kortleggja stöðuna, töluvert af upplýsingum liggur fyrir frá hreyfingunni. Misjafnt hvernig sveitarfélögin koma til móts við íþróttafélögin.

Umræðuhópurinn mun leggja fram minnisblað til Formannafundar ÍSÍ um sína vinnu.

Framkvæmdastjóri skýrði frá því að verið væri að reyna að taka tölur út úr Felix tölvukerfinu sem skýrt gætu málin.

2. Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ verður haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 28. nóvember nk. og hefst kl. 17:00. Farið yfir dagskrá fundarins og fyrirkomulag.

Rætt um heiðursveitingu á fundinum. Ákvarðanatöku frestað.

3. Fjármálaráðstefna ÍSÍ 2008

Fjármálaráðstefna ÍSÍ verður haldin í Laugardalshöllinni föstudaginn 28. nóvember nk. kl. 13:00-16:00. Lögð fram drög að dagskrá ráðstefnunnar. Rætt um fyrirlesara og ráðstefnustjóra. Framkvæmdastjóra falið að hafa samband við áhugaverða fyrirlesara. Fundarmenn hvattir til að koma með tillögur að fundarefni og fyrirlesurum.

4. Íþróttáþing ÍSÍ 2009

Samþykkt að halda Íþróttáþing ÍSÍ helgina 17.-18. apríl 2009 á höfuðborgarsvæðinu.

5. Íþróttamaður ársins 2008

Rætt um hóf um kjör Íþróttamanns ársins 2008. Dagsetning hófsins er ekki endanlega ákveðin en hófið verður haldið á Grand Hótel. Framkvæmdastjóri vinnur áfram með málið í samstarfi við fjölmiðla.

6. Ólympísk verkefni 2009

Farið yfir ólympísk verkefni næsta árs.

Lögð fram tillaga frá Afreksíþróttasviði um að Helga Steinunn Guðmundsdóttir verði aðalfararstjóri og Mundína Kristinsdóttir sjúkrapjálfari á Vetrarólympíuhátíð Evrópuæskunnar í Póllandi í febrúar 2009.

Smáþjóðaleikar verða haldnir á Kýpur í júní 2009. Þátttaka í leikunum er í ákveðnu uppnámi, bæði vegna efnahagsmála hér á landi en einnig vegna breytinga í stjórn Ólympíu nefndar Kýpur. Skila verður bindandi skráningu 1. desember nk. en slíkt verður afar erfitt í ljósi þess að framlag frá ríkisvaldinu verður ekki ljóst á þeim tíma.

7. Heiðursráð

Hafsteinn Pálsson skýrði frá því að haldnir hefðu verið tveir fundir í vinnuhópi sem skipaður var um stofnun Heiðursráðs ÍSÍ. Lögð fram tillaga um stofnun slíks ráðs. Samþykkt. Tillaga um skipan í Heiðursráð ÍSÍ verður lögð fram síðar.

8. Fundargerðir:

Eftirfarandi fundargerðir lagðar fram og samþykktar.

- a) 153. fundur framkvæmdastjórnar
- b) Framkvæmdaráðs 16. fundur
- c) Almenningsíþróttasvið ÍSÍ 46. fundur
- d) Fræðslusvið ÍSÍ 10.09.2008
- e) Afrekssvið ÍSÍ 74. og 75. fundur
- f) Íþróttanefnd ríkisins 55. fundur
- g) Fararstjórarfundur EYOF Slask Beskidy
- h) Tæknifundur EOC Kýpur
- i) Heilbrigðisráð ÍSÍ 23. fundur
- j) Skólaíþróttanefnd ÍSÍ 19. fundur
- k) Kvennahlaupsnefnd 1. og 2. fundur
- l) Nefnd um íþróttir aldraðra 13. fundur
- m) 536., 537., 538., 539., 540., 541. og 542. fundur Íslenskrar getspár
- n) 4., 5. og 6. fundur Íslenskra getrauna

9. Þing og fundir

Farið yfir þing og fundi sem framundan eru.

10.Önnur mál

Forseti viðraði hugmynd að fundi með félagsmálaráðherra og forstjóra Félagsmálastofnunar vegna hugsanlegra starfa í Íþróttahreyfingunni. Fundarmenn samþykkir því að málið verði kannað áfram.

Skólaíþróttamál

Helga Steinunn skýrði frá fundi sem hún sótti hjá norrænu skólaíþróttanefndunum þar sem hún kynnti Skólahreysti sem samnorrænt verkefni. Menntamálaráðuneytið hefur farið fram á samstarf við ÍSÍ um að kynna þetta verkefni en ráðuneytið kostar verkefnið. Menn sýndu verkefninu mikinn áhuga.

Óskað hefur verið eftir því að ÍSÍ verði tengiliður til annarra landa um verkefnið. Samþykkt að taka þátt í þessu samstarfi og að Helga Steinunn stýri því starfi.

WADA

Erindi barst frá WADA þar sem fullyrt er að lög ÍSÍ uppfylli ekki að öllu leyti WADA sáttmálann. Samþykkt hefur verið af hálfu WADA að taka gilda samþykkt framkvæmdastjórnar ÍSÍ fyrir því að unnið sé alfarið eftir WADA sáttmálanum 2003. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

Íþróttafélagið Carl

Lögð fram lög Íþróttafélags Carls –

Nafnið samþykkt en gerð athugasemd við 1. grein laganna. Lög félagsins samþykkt með þeirri breytingu að í fyrstu grein standi:

“Nafn félagsins er Íþróttafélagið Carl”. Út verði tekinn texti varðandi hjáheiti og skammstafanir.

Medical Code

Vísað til Laganefndar ÍSÍ til yfirlstrar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.
Halla Kjartansdóttir fundarritari